

19. tbl.

10. maí. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Tónasmiðjan

Tónleikasýningin

HEITJUR

Í Húsavíkarkirkju
14.maí-klukkan 17:00.

Þar mun hópur flytjenda á ýmsum aldri ;
hljómsveit, bakraddahópur og
einsöngvarar koma fram og ROKKA fyrir langveik börn
til styrktar Umhyggju félags langveikra barna.

Heiðursgestir.



Íris Hólm.



Siggí Ingimars.



Flutt verða af hópunum lög með og eftir snillinga eins og t.d. Elvis Prestley, Bríet, Bon Jovi, Írafár,
Janis Joplin, Queen, Abba, og marga fleiri.
Midasala við innganginn aðeins 3000,- kr



Aðalfundur Styrktarfélags HP

Verður haldinn á kaffistofu Heilsugæslunnar á Húsavík að Auðbrekku 4 neðri hæð þann 15. maí kl. 16:00.

Hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem lagðar verða fram tillögur að breytingum á lögum félagsins.

Á fundinum verður formleg afhending á nýjum maga- og ristilspeglunartækjum sem staðsett verða á starfsstöð stofnunarinnar á Húsavík.

Öllum er velkomið að mæta og kynna sér félagið og verður tekið við skráningum í félagið.

Verið velkomin á opnun sýningarinnar

MÖGNUM MYNDLIST

eftir ÞÓRUNNI
ELÍSABETU

í myndlistarsal
Safnahússins á Húsavík
laugardaginn 13. maí kl. 14.

Sjáumst!





Starfslokanámskeið 23. maí

Framsýn í samvinnu við Þekkingarnet
Þingeyinga, stendur fyrir
starfslokanámskeiði.

Námskeiðið er í boði Framsýnar og er
öllum opið og þeim að kostnaðarlausu.

Það að hætta á vinnumarkaði þarf að
undirbúa vel. Breytingin hefur mikil áhrif
á líf fólks og er stórt skref að stíga. Með
góðum undirbúningi er hægt að gera nýja
hlutverkið í lífinu jákvætt.

Á námskeiðinu fjalla sérfræðingar til að
mynda um lífeyrisréttindi, heilsu og
andlega vellíðan og stéttarfélög ásamt
því að svara fyrirspurnum frá
þátttakendum. Einnig verður fjallað um
hvað er í boði í félagsstarfi og fræðslu
fyrir fólk sem er komið á eftirlaunaaldur.

HALDIÐ 23. MAÍ Í BREIÐUMÝRI
KL: 16:30-19:30
ÖLLUM AÐ KOSTNAÐARLAUSU.
SKRÁNING Á HAC.IS



Þekkingarnet
Þingeyinga



Græn skref, brunæfing og boranir

Landsvirkjun rekur fjórar aflstöðvar í þingeyjarsveit; Laxárstöðvar, Kröflustöð, þeistareykjastöð og Gufustöðina í Bjarnarlagi.

Frá því að síðasta fréttabréf kom út höfum við unnið að fjölmörgum áhugaverðum og nauðsynlegum verkefnum og það er ýmislegt framundan í rekstri stöðvanna.




Brunæfing í Kröflustöð

Endurmenntun og þjálfun eru lykilþættir í starfsemi okkar. Neyðarstjórn Landsvirkjunar hélt æfingu í Kröflustöð í aprílmánuði, þar sem líkt var eftir því að eldur hefði kviknað í neyðarvélarrými. Markmiðið með æfingunni var að æfa viðbragðsáætlun við eldsvoða, rýmingaráætlun og söfnun á söfnunarstað, vettvangsstjórn og móttöku slökkviliðs. Fjölmargir tóku þátt í æfingunni, þ.m.t. starfsfólk okkar á Mývatnssvæði, Slökkvilið þingeyjarsveitar, neyðarstjórn Landsvirkjunar, stjórnstöð Landsnets, Neyðarlínan og fulltrúi verkfræðistofunnar Verkís. Æfingin gekk vel og undirstrikaði mikilvægi góðs samstarfs við slökkviliðið og aðra viðbragðsaðila. Í framhaldinu verður lærdómur af æfingunni notaður til að bæta áætlanir og viðbrögð enn frekar.

Fyrir vetur höfðu fulltrúar Slökkviliðs þingeyjarsveitar komið í Kröflu og haldið námskeið þar sem starfsfólk lærði um brunavarnir og fékk þjálfun í notkun slökkvitækja.

Grænu skrefin í Laxá

Verkefnið Græn skref er sett upp fyrir fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkisins sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsfólks. Laxárstöðvar náðu þeim flotta áfanga að fá öll fimm grænu skrefin í júlí 2020. Endurúttekt vegna grænu skrefanna fór síðan fram í lok janúar 2023 og stöðumst við hana með glans. Í úttektum felst að farið er yfir ýmsar kröfur sem tengjast m.a. innkaupum, samgöngum, miðlun og stjórnun, flokkun og eldhúsum og kaffistofum. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun, sem er úttektaraðili, er Landsvirkjun fyrsta opinbera fyrirtækið til að standast endurúttekt á öllum fimm skrefunum og erum við virkilega stolt af því.



Boranir á þeistareykjum

Nú er hafin uppsetning á jarðbornum bór á þeistareykjum en að undanförmu hefur verið unnið að flutningi borsins, alls 110 förmum, á svæðið. Til stendur að bora tvær rannsóknaholur í sumar sem eru liður í undirbúningi á mögulegri stækkun þeistareykjavirkjunar. Uppsetning borsins tekur um mánuð og er áætlað að boranir hefjist í lok maí og verði lokið í september, þegar boraðar hafi verið tvær tæplega þriggja kílómetra langar holur. Verulega aukin umsvif og umferð hafa fylgt verkefninu og verða áfram í sumar en borverkinu fylgir fjöldi verksamninga sem snúa m.a. að gerð borplana, lagningu vatns- og raflagna og stálvinnu.

Jarðboranir eiga borinn bór og vinna verkefnið fyrir okkur. Borinn verður knúinn rafmagn frá þeistareykjastöð og er þetta í fyrsta sinn sem sá háttur er hafður á hjá Landsvirkjun við borun jarðvarmahola. Umhverfisáhrif verkefnisins verða því mun minni en vegna fyrri sambærilegra verkefna þar sem rafmagn fyrir borana hefur verið framleitt með díslólíu.

Viðhaldsstopp í Kröflustöð

Árlegt viðhaldsstopp í Kröflustöð hófst þann 7. maí. Að þessu sinni er áætlað að stoppið standi yfir í sex vikur og á þeim tíma munu starfsmenn og ýmsir verktakar sinna viðhaldsverkefnum sem ekki er hægt að sinna á meðan vélarnar eru í rekstri. Á þessum tíma verða sumar af vinnsluholum Kröflu í blæstri en ekki er gert ráð fyrir að truflun verði vegna þess. Þeir sem eiga leið um svæðið geta þó átt von á að sjá aðeins meiri gufublástur en venjulega.

Samfélagsmál

Nýverið var úthlutað úr Samfélagssjóði Landsvirkjunar. Sjóðurinn er orðinn vinsæll og barst okkur metfjöldi umsókna í þessari úthlutun. Það er gleðiefni að umsóknum frá aðilum í nærsamfélaginu í Þingeyjarsveit hefur fjölgað og okkur hefur þannig gefist tækifæri til að styðja við góð verkefni á svæðinu.

Úrvinnslu umsókna í verkefnið Margar hendur vinna létt verk er einnig lokið. Það verkefni snýst um að við bjóðum fram starfskrafta ungmenna sem starfa hjá okkur á sumrin í verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfistengdum verkefnum. Að þessu sinni gátum við orðið við öllum þeim óskum sem bárust í Þingeyjarsveit og erum stolt af því að leggja þessum aðilum líð og taka þannig virkan þátt í nærsamfélagi aflstöðvanna okkar.

Við erum einnig stoltur styrktaraðili Mývatnsmaraþons, Mývatns hjólréiðakeppni og Hraunhlaupsins sem fer fram í Mývatnssveit dagana 26. og 27. maí. Við hvetjum alla sem hafa tök á til að taka þátt í þessum skemmtilega viðburði.



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

Orkuskipti

Samtal um nýtingu vindorku

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, býður til opinna funda um orkuskipti með áherslu á hlutverk vindorku. Ráðherra skipaði síðastliðið sumar þriggja manna starfshóp sem fékk það hlutverk að skoða og gera tillögur til ráðherra um nýtingu vindorku, þ.á m. um lagaumhverfi og hvernig verði tekið á ýmsum álitamálum.

Starfshópurinn hefur nú skilað stöðuskýrslu til ráðherra og verða niðurstöður hennar til umræðu á fundi **Þriðjudaginn, 16. maí á Hótel KEA, Akureyri kl. 19:30.**

Öll eru velkomin.



ATH! Breyttan skilátíma auglýsinga í næstu viku.



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

fyrir næstu Hlaupastelpu þarf að skila auglýsingum í síðasta lagi á sunnudagskvöldi, er það vegna uppstigningardags sem er í næstu viku og tefur annars póstdreifingu.

*Hálfsíðuauglýsing
heilsíðuauglýsing*

*kr. 4.350.- m.vsk
kr. 6.300.- m.vsk.*

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Brautskráning 2023

Ágætu Þingeyingar og velunnarar skólans.

Brautskráning nýstúdenta fer fram við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu á Laugum fimmtudaginn 18. maí, uppstigningardag, kl. 14:00.

Við bjóðum ykkur öll hjartanlega velkomin að gleðjast með okkur og þiggja

kaffiveitingar að athöfn lokinni í matsal skólans.

Þennan sama dag fer aðalfundur hollvinasamtakanna

Vinir Laugaskóla fram í Dvergasteini kl. 13:00.

Velunnarar skólans eru hvattir til að mæta á þann fund.

Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum



Hálskirkja

Fjölskylduguðspjónusta og sunnudagaskóli
verður í Hálskirkju
sunnudaginn 14.maí kl.14:00

Allir velkomnir

Sr. Hafdís Davíðsdóttir